# FLÓAHREPPUR Aðalskipulag 2017 - 2029
# Hjálmholt - Merkurhraun

## Breyting á legu frístundasvæðis
9. apríl 2025, endursk. 11. nóvember 2025



Aðalskipulag Flóahrepps 2017 - 2029 m.s.br. mkv. 1 : 50.000 (A3)



Aðalskipulag Flóahrepps 2017 - 2029 m.s.br. eftir breytingu

Mörk aðalskipulagsbreytingar

**SKÝRINGAR**

**ATVINNA OG BYGGÐ**
- Vþ — Verslun- og þjónusta
- L — Landbúnaðarsvæði
- SL — Skógrækt og landgræðsla

**TÁKN TIL SKÝRINGAR**
- Skipulagsmörk
- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Landbúnaðarland flokkur I og II

**SAMGÖNGUR OG VEITUR**
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir
- Slóðar
- Reiðleiðir
- Reiðhjólaleiðir
- Undirgöng
- Raflínur 66-220 kV
- Vatnsveita
- Ljósleiðari

**TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN**
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Hverfisvernd
- VB1 Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði

Aðalskipulagsbreyting

Aðalskipulagsbreyting þessi, nær yfir um 99 ha lands.

Í núverandi staðfestu aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 m.s.br. er á svæðinu, gert ráð fyrir að frístundabyggð, merkt F22 og er um 60 ha að stærð og um 39 ha sem landbúnaðarsvæði.

Í aðalskipulagsbreytingu þessari er gert ráð fyrir að landnotkun á svæðinu verði breytt, þannig að lögun frístundasvæðisins, sem merkt er F22 og er um 60 ha að stærð, muni liggja meðfram Hvítá til vesturs, en stærð svæðisins verður óbreytt. Í aðalskipulagsbreytingu þessari eru ekki gerðar neinar breytingar á greinargerð Aðalskipulagsins.

Deiliskipulag sem ráðgert er að vinna fyrir svæðið verður unnið í samræmi við þau markmið og leiðir sem fjallað er um á bls. 8 og 9 í Aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 m.s.br. Ennfremur er tafla á bls. 9 í greinargerð aðalskipulagsins þar sem er eftirfarandi umfjöllun, sem hafa ber í huga við deiliskipulagsgerð á svæðinu:

Frístundabyggð

| Nr. | Heiti svæðis | Lýsing | Jörð | Staða |
|---|---|---|---|---|
| F22 | Merkurhraun | Við gerð deiliskipulags og hönnun fráveitu þarf að taka tillit til þess að hluti svæðisins er innan vatns-verndarsvæðis í flokki 3. Ísor hefur gert úttekt á vatnsverndarsvæði í Merkurhrauni. Þar kemur fram að huga þarf vel að fráveitu og umhverfismálum á svæðinu. Ef þurfa þykir skal í deiliskipulagi setja ákvæði um umgengni um svæðið, í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Stærð svæðis er um 60 ha. | Hjálmholt | Óbyggt. |

Við staðsetningu húsa og alla mannvirkjagerð á svæðinu skal hafa í huga að samkvæmt kortsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) er á skipulagssvæðinu hraun sem nefnist Þjórsáhraun og fellur það undir a, lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúru-fyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi".

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar, dagsett 31 október 2025, bendir stofnunin á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingaleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakara verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem kynnt hefur verið samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst samkvæmt 31. gr. sömu laga var samþykkt í sveitarstjórn þann 03.03. 2026

Umhverfis og tæknisvið Uppsveita

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann............... 20

í auglýsingu frá 25.9.25 - 07.11.25


Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 ima@simnet.is